



Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi

1. gr.

Almennt

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og 7. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 er sveitarstjórnunum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta (ekki þjónustugjalda).

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Ekki eru veittir styrkir til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaga sem rekin eru af menningar-, íþrótt- og æskulýðsfélögum.

3. gr.

Réttur til afsláttar

Rétt til afsláttar eiga eftirtaldir:

- Ellilífeyrisþegar sem náð hafa 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, skulu bæði hjónin eða sambýlisfólkið hafa náð 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað.
- Örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar eða meira fyrir upphaf álagningarárs.

Afslátturinn nær eingöngu til þess *íbúðarhúsnæðis* sem viðkomandi sannanlega býr í og er skráður til lögheimilis í húsinu eða íbúðinni.

Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. mars ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur. Lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur 2024 eins og þær eru skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Uppfært í janúar 2026:

	Tekjur 2025			Tekjur 2025	
	Tekjur einstaklinga	Lækkun		Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	6.296.340	100%		8.343.170	100%
Allt að	7.054.810	75%		9.496.460	75%
Allt að	7.792.500	50%		10.649.750	50%
Allt að	8.524.995	25%		11.803.040	25%



Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári.

Viðmiðunarfjárhæðir skulu uppfærðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

4. gr.

Breytingar á högum umsækjanda

Hafi orðið verulegar breytingar á högum umsækjanda svo sem við fráfalið maka/sambýlings tekjulágrælli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka eða sambýlingi heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 3. gr. Sama gildir ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna. Einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í samræmi við reglur þessar í allt að eitt ár hjá þeim sem flutt hafa út eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmennum.

5. gr.

Bújarðir og útihús

Ekki er veitt heimild til lækkunar eða niðurfellingar á fasteignaskatti af bújörðum eða af útihúsum.

6. gr.

Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef staðið hefur verið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra.

Umsóknnum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur húsa.

Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 20. janúar 2026 og taka þegar gildi. Um leið falla úr gildi eldri reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi.

Þingborg, 20. janúar 2026

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri